

þar sem útsýn er takmörkuð. Verður dómurinn að líta svo á, að ákærði hafi ekki gætt þessarar lagaskyldu sinnar nægjanlega. Þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga eftir atvikum hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Adolf Emilsson Petersen, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. janúar 1968.

Nr. 238/1966. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristjáni Jóhannssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Veikindadagar. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. nóvember 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2.399.68 án vaxta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 12. nóvember 1966 veitt leyfi til að bera málið undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00.

Í héraði var lögð fram sundurliðuð greinargerð um vinnustundir stefnda hjá áfrýjanda árin 1960 og 1961 og til 24. júlí 1962. Samkvæmt henni voru tæp 25% af vinnustundum stefnda unnar í yfirvinnu árið 1960, rúm 28% árið 1961 og rúm 29% árið 1962.

Pegar virt eru þessi gögn og svo yfirvinnustundafjöldi og kaup staðgengils stefnda í umræddum sjúkdómsforföllum, sem ekki er tölulega vefengt, þykir eiga að taka kröfur stefnda í málinu til greina, og verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Kristjáni Jóhannssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ. m., hefur Kristján Jóhannsson, Laugarnesvegi 90 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 10. júní 1965, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands hér í borg til greiðslu vangoldinna launa að fjárhæð kr. 4.899.03 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum stefnanda breytt og þess krafizt aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.774.05 með 8% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómarans, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.199.39 auk vaxta og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 2.399.68 án vaxta. Þá krefst stefndi og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að er stefnandi starfaði hjá stefnda á árinu 1961, varð hann veikur og var frá vinnu um nokkurn tíma. Samkvæmt læknisvottorðum, sem stefnandi hefur lagt fram, var hann óvinnufær vegna veikinda þessara dagana 14.—21. júlí og 26. júlí—1. ágúst. Var um sömu veikindi að ræða í báðum tilvikum. Stefnandi hafði þá um sjö ára skeið starfað hjá stefnda við akstur vörubifreiðar við fermingu og affermingu skipa. Var bifreiðin í eigu stefnda, og laut stefnandi við vinnu sína ákvörðunum verkstjóra stefnda, m. a. um vinnutíma hverju sinni. Er stefnandi veiktist, var annar maður fenginn til að aka bifreiðinni í forföllum hans. Stefnandi tók síðan við akstri bifreiðarinnar á ný, er hann var orðinn heill heilsu.

Stefnandi, sem reisir málssókn sína á ákvæði í 4. gr. laga nr. 16/1958, telur, að stefnda beri að greiða sér laun fyrir þær vinnustundir, sem unnar voru, á meðan hann var veikur, þar á meðal fyrir eftirvinnu- og næturvinnustundir, sem unnar voru á þeim tíma. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það sé sá vinnutími, sem hann hefði sjálfur unnið, ef hann eigi hefði verið veikur, og verði hann því af vinnulaunum fyrir þær vinnustundir, ef stefndi verði eigi dæmdur til að greiða þau.

Stefnandi hefur sundurliðað endanlegar kröfur sínar þannig:

1. Dagvinna, 88 klst. á kr. 23.58	kr. 2.075.04
2. Eftirvinna, 25 klst. á kr. 37.73	— 943.25
3. Næturvinnna, 31.5 klst. á kr. 47.16	— 1.485.54
	Kr. 4.503.83
4. 6% orlof	— 270.22
	Kr. 4.774.05

Kröfur stefnda eru á því byggðar, að honum beri ekki skylda til að greiða stefnanda laun fyrir yfirvinnu og helgidagavinnu þá daga, sem hann var frá vinnu vegna veikinda. Engir samningar hafi verið við stefnanda eða stéttarfélag hans um það, að starfsmenn skyldu fá yfirvinnu eða helgidagakaup í veikindaforföllum. Geti stefnandi því ekki byggt neinn rétt á því, þótt sá, sem við

starfi hans tók, hafi fengið greitt kaup fyrir helgidagavinnu og næturvinnu, sem unnin var, á meðan stefnandi var veikur. Þetta hafi eingöngu byggzt á því, hve mikið hafi verið að gera hjá stefnda á þessum tíma, og hefði eins getað farið svo, að sá, sem við starfi stefnanda tók, hefði ekki haft neitt að gera. Er á það bent af hálfu stefnda, að boðin hafi verið fram greiðsla fyrir dagvinnutíma þá daga, sem stefnandi var frá störfum vegna veikindanna, en stefnandi hafi neitað að taka við greiðslunni.

Vitnið Guðmundur Jóhann Jónsson, verkstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi einn verið bifreiðarstjóri á bifreið þeirri, sem hann ók í starfi sínu hjá stefnda. Vitnið kveður almennt hafa verið unnið til kl. 1915 á árunum 1958—1963, en ef ekkert skip hafi verið í höfn, sem þó hafi verið alger undantekning, hafi eftirvinna ekki verið unnin. Þá kveður vitnið fasta starfsmenn, þar á meðal bifreiðarstjóra, ávallt hafa verið í vinnu til kl. 1700, þó að engin sérstök verkefni hafi legið fyrir.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnandi njóti gagnvart stefnda réttar samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 16/1958, en þar segir, að starfsmenn þeir, sem þar greinir, skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa“.

Rétt þykir að skýra ákvæði þetta þannig við úrlausn máls þessa, að stefnda beri að greiða stefnanda laun fyrir þær vinnustundir, sem unnar voru í veikindaforföllum hans, þar á meðal eftirvinnu og næturvinnu, enda verður að ætla, að stefnandi hefði sjálfur unnið þær vinnustundir, ef hann hefði eigi veikzt.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fari svo, að stefnda verði talið skylt að greiða stefnanda laun fyrir unnar yfirvinnu- og næturvinnustundir í veikindaforföllum hans, þá sé ekki ágreiningur um vinnustundafjölda þann, sem lagður er til grundvallar útreikningi endanlegrar dómkröfu stefnanda eða fjárhæð hennar.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að endanleg dómkrafa stefnanda verður tekin til greina, þó þannig, að ársvextir reiknast 7% frá 7. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% frá þeim degi til 12. júní 1966 og 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Ísland, greiði stefnanda, Kristjáni Jóhannssyni, kr. 4.774.05 með 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júní s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 147/1966. **Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Landssmiðjunni.

(Þorvaldur Garðar Kristjánsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1966. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.